


# HERA

– Sérhæfð líknarheimaþjónusta –



## Um HERU

HERA er sérhæfð hjúkrunar- og lækniþjónusta ætluð sjúklingum með erfið einkenni vegna langvinnra og ólæknandi sjúkdóma. Einkenni og meðferð sem fylgja slíkum veikindum geta tekið á og verið hamlandi í daglegu lífi.

Markmið þjónustunnar er að bæta lífsgæði sjúklinga og aðstandenda þeirra auk þess að gera þeim kleift að dvelja heima eins lengi og unnt er, allt til loka lífs. Starfsfólk HERU miðlar þekkingu og úrræðum, veitir stuðning og viðeigandi meðferð til að svo megi vera.

HERA sinnir einnig einstaklingum sem eru í læknanlegri meðferð en þurfa tímabundna aðstoð sökum erfiðra einkenna sem geta fylgt þeirri meðferð. Lögð er áhersla á heildræna umönnun sem felur m.a. í sér fræðslu, stuðning og ráðgjöf auk fjölskyldu- og einstaklingsviðtala, að börnum skjólstæðinga meðtöldum.

### Sérhæfð líknarmeðferð

Starfað er samkvæmt hugmyndafræði Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO 2002) sem gengur út á að bæta lífsgæði sjúklinga með lífsógnandi sjúkdóma og fjölskyldna þeirra. Meðferðin felst í að fyrirbyggja og draga úr líkamlegri, sálfélagslegri og andlegri þjáningu. Líknarmeðferð á ekki eingöngu við á lokastigum veikinda heldur einnig snemma í veikindaferlinu, samhliða annarri meðferð. Sérhæfð líknarmeðferð byggist á sérmenntun og reynslu starfsfólksins sem hana veitir. Fengist er við flókin og fjölbætt einkenni með nákvæmu mati, greiningu og úrræðum.

### Starfsemi HERU

Um er að ræða sólarhringsþjónustu sem veitt er í heimahúsum, með símtölum, tölvusamskiptum og á skrifstofu HERU en byggir einna helst á skipulögðum vitjunum hjúkrunarfræðinga. Tíðni vitjana er ákveðin í samráði við sjúklinga og aðstandendur og fer eftir þörfum hverju sinni. Læknar HERU, sem eru jafnfram læknar líknardeildar, eru á sólarhrings bakvakt. Einkennamat og meðferð lækis fer fram í heimavitjun eða á göngudeild. Starfsfólk HERU starfar náið með meðferðarlæknum og öðrum fagaðilum sem sinna sjúklingum þeirra. Ef þörf er á ráðgjöf á milli skipulagðra vitjana er hægt að hringja í vaktíma HERU en hjúkrunarfræðingar eru á vakt frá kl 8:00-21:00 alla daga og bakvakt á öðrum tímum.

**Skipulögð vitjun hjúkrunarfræðings felur í sér:**

- Eftirlit með einkennum
- Meðferð við einkennum
- Einkennamat og meðferð hjá læknum HERU á göngudeild eða heima
- Lyfjatiltekt, lyfjapöntun og lyfjagjafir
- Fræðslu, stuðning og ráðgjöf
- Fjölskyldu- og einstaklingsviðtöl
- Aðstoð vegna hjálpartækja og fyrirkomulags heima
- Tengingu við lækna og aðra fagaðila
- Mat á þjónustuþörf og samhæfingu þeirrar þjónustu sem er í boði
- Stuðning við þá sem kjósa að deyja heima og aðstandendur þeirra

**Hvað kostar þjónustan?**

HERA sinnir sjúklingum á stór-höfuðborgarsvæðinu þeim að kostnaðarlausu.

**Hverjir geta sótt um þjónustu HERU?**

Ef sjúklingur er í meðferð á Landspítala er sótt um rafrænt í Sögukerfi LSH – (inn í eyðublöð / beiðni um rannsókn / meðferð). Utan Landspítala er send tilvísun í Heilsugátt á HERU. Beiðnir geta jafnframt komið frá skjólstæðingum eða aðstandendum. Tekið er við beiðnum virka daga á milli kl. 8:00 og 16:00 í síma 543-6360.

**Samstarfsaðilar HERU**

Heimahjúkrun, læknar, hjúkrunarfræðingar, prestar, félagsráðgjafar, fjölskyldufræðingar, sjúkrahjálfarar og aðrir fagaðilar sem koma að umönnun og meðferð skjólstæðinga og aðstandenda þeirra.

**Hvar er HERA staðsett?**

Kópavogsgærði 4, 200 Kópavogi, sími: 543-6360  
Netfang: [hera12@landspitali.is](mailto:hera12@landspitali.is)

ÚTGEFANDI:  
LANDSPÍTALI LYFLÆKNINGASVIÐ DESEMBER 2021

HÖFUNDUR:  
SVALA BERGLIND ROBERTSON, MS HJÚKRUNARFRÆÐINGUR,  
SÉRFRÆÐINGUR Í LÍKNARHJÚKRUN

ÁBYRGÐ:  
DEILDARSTJÓRAR OG YFIRLÆKNIR SÉRHÆFDRA LÍKNARHEIMAPJÓNUSTU

HÖNNUN:  
SAMSKIPTADEILD LSH